

Ár 2019, fimmtudaginn 7. mars, er í Félagsdómi í málinu nr. 2/2019:

**Samtök atvinnulífsins
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Starfsgreinasambands Íslands
vegna Eflingar-stéttarfélags**

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 4. mars sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Kolbrún Benediktsdóttir, Guðni Á. Haraldsson, Valgeir Pálsson og Dagný Aradóttir Pind.

Stefnandi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, vegna Eflingar-stéttarfélags, Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi gerir svofelldar kröfur:

Að viðurkennt verði með dómi að verkfall það sem Efling-stéttarfélag boðaði með bréfi 1. mars 2019 og taka á til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarrar gistaðstöðu, þar með talið á göngum, salernum og í sameiginlegu rými, á öllum hótélum og gistihúsum á félagssvæði Eflingar og koma á til framkvæmdar 8. mars 2019 klukkan 10:00, sé ólöglegt.

Að Efling-stéttarfélag verði dæmt til greiðslu sektar í ríkissjóð.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk þess sem krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati Félagsdóms, hver sem úrslit málsins verða.

Málavextir

Helstu málavextir eru óumdeildir. Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Eflingar-stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur rann út 31. desember 2018. Á fundi hjá ríkissáttasemjara 21. febrúar 2019 lýsti stefndi, Efling-

stéttarfélag, því yfir að félagið teldi viðræður um endurnýjun kjarasamnings hafa reynst árangurslausar og því væri félaginu lögum samkvæmt heimilt að hefja undirbúning verkfallsaðgerða.

Á fundi samninganefndar stefnda 21. febrúar 2019 var samþykkt að láta fara fram almenna leynilega rafræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar meðal þeirra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags sem ynnu samkvæmt kjarasamningnum í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi. Í tillögu um verkfallsboðun segir: „Vinnustöðvunin taki til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarrar gistiaðstöðu þ.m.t. á göngum, salernum og í sameiginlegu rými á öllum hótélum og gistihúsum á því félagssvæði Eflingar-stéttarfélags sem tekur til starfa á veitinga- og gistihúsum sem nánar tilgreint er lögsagnar umdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Vinnustöðvun ofangreindra félagsmanna er tímabundin og hefst kl. 10:00 að morgni 8. mars 2019 og lýkur kl. 23:59 þann 8. mars 2019 nema kjarasamningar hafi tekist fyrir þann tíma.“

Í kjölfarið var birt auglýsing um að atkvæðagreiðsla um tillögu samninganefndar stefnda myndi fara fram á framangreindum tíma og fór atkvæðagreiðslan fram svo sem boðað var.

Með tölvuskeyti stefnanda til formanns og framkvæmdastjóra stefnda 24. febrúar var fyrirkomulagi atkvæðagreiðslunnar mótmælt og þeirri afstöðu stefnanda lýst að það bryti gegn ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1038, um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem mælt væri fyrir um að einungis þeim, sem verkfall væri ætlað að taka til, væri heimilt að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Var skorað á stefnda að fylgja ákvæðum laga um framkvæmd atkvæðagreiðslu um vinnustöðvanir.

Stefndi svaraði erindi stefnanda með tölvuskeyti 25. febrúar 2019. Þar kom fram að atkvæðagreiðsla stefnda væri ekki reist á 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Ekki var fallist á kröfu stefnanda um að stöðva atkvæðagreiðsluna.

Atkvæðagreiðsla stefnda um verkfall hófst klukkan 10.00 mánudaginn 25. febrúar sl. og stóð til klukkan 22.00 fimmtudaginn 28. sama mánaðar. Fyrir liggur að félagsmenn áttu þess kost að greiða atkvæði í rútu á vegum stefnda. Í greinargerð stefnda er því lýst að bæði í bifreiðinni og á skrifstofu stefnda hafi félagsmenn getað greitt leynilega atkvæði bréflega utan kjörfundar en atkvæðagreiðslan hafi að öðru leyti verið rafræn.

Stefnanda var afhent verkfallsboðun föstudaginn 1. mars sl. Þar kom fram að alls hefðu 862 greitt atkvæði af 7.950 félagsmönnum á atkvæðaskrá og hefðu 769 samþykkt verkfallsboðun.

Stefnandi telur boðað verkfall ólögmætt og því verði ekki hjá því komist að höfða mál fyrir Félagsdómi því til staðfestu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Málsókn stefnanda byggist á því að atkvæðagreiðsla stefnda um framangreint verkfall hafi verið í andstöðu við fyrirmæli 15. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og því sé verkfallið ólögmætt.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 sé mælt fyrir um tvenns konar fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Annars vegar sé í 1. mgr. 15. gr. mælt fyrir um almenna atkvæðagreiðslu með þátttöku að minnsta kosti fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Sé þá heimilt að viðhafa póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna og gildi niðurstaða, óháð þátttöku. Hins vegar sé í 2. mgr. 15. gr. mælt fyrir um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu sem eigi við þegar vinnustöðvun sé einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað. Þá skuli ákvörðun tekin með atkvæðum þeirra sem vinnustöðvun sé ætlað að taka til með þátttöku að minnsta kosti fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá.

Í atkvæðagreiðslu stefnda hafi 7.950 félagsmenn haft atkvæðisrétt. Hafi stefndi byggt það á grófri áætlun um hversu margir félagsmenn stefnda störfuðu samkvæmt kjarasamningi stefnanda og stefnda, sem taki til vinnu „á veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðarsölustöðum, í afþreyingarfyrirtækjum og hliðstæðri starfsemi“, eins og gildissvið kjarasamningsins sé afmarkað í grein 1.1. í samningnum.

Stefnandi kveður ekki liggja fyrir hvernig atkvæðaskrá stefnda hafi verið útbúin en hins vegar sé ágreiningslaust að verkfalli stefnda hafi einungis verið ætlað að ná til lítils hóps félagsmanna á atkvæðaskránni. Einnig sé óumdeilt að stefndi telji sig hafa fylgt ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar, meðal annars ívilnandi ákvæðum um póstatkvæðagreiðslu þar sem niðurstaða gildi, óháð þátttöku. Stefnandi telji þá framkvæmd andstæða lögum, enda sé ljóst samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 að tillaga um vinnustöðvun, sem einungis sé ætlað að ná til ákveðins hóps félagsmanna, verði einungis borin undir þá félagsmenn sem vinnustöðvun er ætlað að taka til.

Stefnandi bendir á að með setningu laga nr. 75/1996 hafi verið gerð grundvallarbreyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeildur. Vald til að ákveða vinnustöðvun hafi verið fært frá trúnaðarmannaráðum og stjórnnum samningsaðila til félagsmanna. Einungis félagsmenn skyldu taka ákvörðun um vinnustöðvun í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem lagt hafi verið fyrir á 120. löggjafarþingi 1995-1996, lög nr.

75/1996, séu tekin af öll tvímæli um að atkvæðagreiðsla samkvæmt 1. mgr. 15. gr. eigi ekki við þegar vinnustöðvun sé einungis ætlað að ná til ákveðins hóps félagsmanna. Við þær aðstæður beri að beita reglu 2. mgr. 15. gr. laganna. Þar segi í umfjöllun um „ákvörðun um vinnustöðvun“ að í frumvarpinu sé lagt til að ákveðnar reglur gildi um almennan vinnumarkað rétt eins og nú gildi um opinbera starfsmenn. Síðan segi: „Við útreikning fjórðungshlutfalls samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er miðað við þá félagsmenn sem starfa hjá þeim sem verkfall beinist gegn, þ.e. fyrirtæki eða stofnun. Vegna lagasamræmis og þar sem auðveldara er að ná til afmarkaðs hluta félagsmanna eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis þykir eðlilegt að gera sams konar kröfu þegar vinnustöðvun tekur aðeins til tiltekins hluta félagsmanna, en ekki þeirra allra, eða aðeins til tiltekins fyrirtækis. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.“

Hér komi fram sú skýra fyrirætlan að setja strangari reglur um þátttöku í atkvæðagreiðslu sé vinnustöðvun einungis ætlað að ná til hluta félagsmanna. Þar af leiðandi geti stefndi ekki ákveðið að beita 1. mgr. 15. gr. um atkvæðagreiðslu sína til að forðast strangari reglur í 2. mgr. 15. gr.

Þá bendir stefnandi á að í umfjöllun í athugasemdunum um „póstatkvæðagreiðslu“ sé reifuð sú almenna regla að heimilt sé að beita slíkri atkvæðagreiðslu við ákvörðun um vinnustöðvun þannig að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku. Sú undantekning nái „þó ekki til ákvörðunar um vinnustöðvun sem tekur aðeins til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilteknum vinnustað.“ Af þessari athugasemd megji ráða að það sé ekki valkostur að beita ákvæðum 1. mgr. 15. gr. um vinnustöðvanir sem einungis eigi að ná til ákveðins hóps félagsmanna.

Þá vísar stefnandi til þess að í umfjöllun um 4. gr. frumvarpsins sé efnisregla 2. mgr. ákvæðisins rakin með eftirfarandi hætti: „Ef vinnustöðvun er eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis er skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna. Þá eru aðstæður orðnar fullkomlega sambærilegar við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna og því eðlilegt að krefjast sömu þátttöku og þar í atkvæðagreiðslu og sama stuðnings-óháð tilhögun atkvæðagreiðslu.“

Hér sé í athugasemdum áréttað að eðlilegt sé að krefjast tiltekinnar þátttöku í atkvæðagreiðslu þegar vinnustöðvun sé einungis ætlað að taka til hluta félagsmanna, óháð tilhögun atkvæðagreiðslu. Það þýði að aðila sé óheimilt að beita ívilnandi ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 þegar vinnustöðvun eigi einungis að ná til hluta félagsmanna.

Öll umfjöllun í athugasemdum með framangreindu lagafrumvarpi sé í þá einu átt að færa ákvörðunarvald um vinnustöðvanir til félagsmanna og þannig að þeir

félagsmenn einir hafi atkvæðisrétt sem eigi að leggja niður störf verði vinnustöðvun samþykkt.

Stefnandi vísar til þess að Félagsdómur hafi túlkað ákvæði laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með skýrum hætti, sbr. meðal annars dóm 6. apríl 2015 í máli nr. 12/2015 þar sem hafi reynt á staðbundin verkföll aðildarfélags BHM. Í dómi sínum hafi Félagsdómur rakið þróun verkfalla og hvernig staðbundin verkföll hefðu orðið algengari. Vísað hafi verið til frumvarps til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá árinu 1996 og rakinn sá tilgangur löggjafans að gera aðstæður á almennum vinnumarkaði fullkomlega sambærilegar við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna. Í forsendum dómsins, þar sem lögmæti staðbundins verkfalls hafi verið samþykkt, segi: „Það hlýtur því að teljast eðlilegt að þeir einir sem leggja niður störf hafi þann rétt að taka einir ákvörðun um hvort þeir fari í verkfall eða ekki en ekki að aðrir félagsmenn, sem halda áfram störfum, geti þar haft úrslitaáhrif.“

Í ljósi þess tilgangs löggjafans að samræma reglur á almennum markaði og þeim opinbera verði að telja að dómur Félagsdóms í máli nr. 12/2015 hafi fullt fordæmisgildi við túlkun á ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938. Atkvæðagreiðsla stefnda um verkfall hafi verið andstæð skýrum lagaákvæðum og því ólögmæt.

Verði það hins vegar niðurstaða Félagsdóms að atkvæðagreiðsla stefnda um verkfall 8. mars 2019 geti fallið undir ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, byggir stefnandi á því að ekki hafi náðst sú fimmtungs þátttaka sem áskilin sé og verkfallsboðunin sé því ólögmæt.

Stefndi hafi aflað mikils hluta atkvæða með kjörfundum sem haldnir hafi verið fyrir utan einstaka vinnustaði félagsmanna. Formaður og aðrir starfsmenn stefnda hafi haldið fundi þar sem rætt hafi verið við félagsmenn og þeim afhent kynningarefni og áskorun um að greiða atkvæði með verkfallsboðun. Atkvæðagreiðsla stefnda teljist því ekki vera „almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla“ í skilningi 2. málslíðar 1. mgr. 15. gr. laganna og falli hún því undir þá meginreglu 1. mgr. 15. gr. að fimmtungur félagsmanna samkvæmt félagaskrá þurfi að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Því marki hafi ekki verið náð og verkfallsboðunin sé því ólögmæt.

Í stefnu tekur stefnandi fram að fjölmargir aðrir annmarkar hafi verið á fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu stefnda sem leitt gætu til ógildingar hennar en stefndi telji að svo stöddu ekki þörf á að láta á þá framkvæmd reyna. Hann áskilji sér þó rétt til að höfða annað mál vegna þessara annmarka, telji hann ástæðu til, eða láta reyna á skaðabótaskyldu stefnda vegna tjóns félagsmanna stefnanda.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði með dómi gert að greiða sekt í ríkissjóð í samræmi við 70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 65. gr. sömu laga. Um sé að ræða mjög alvarlegt brot gegn skýrum fyrirmælum laga nr. 80/1938 sem þegar hafi valdið fjölda

fyrirtækja tjóni. Ákvörðun stéttarfélags um ólöglega atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir með tilheyrandi tjóni sé eitt alvarlegasta brot sem hugsast geti á lögum nr. 80/1938. Því séu skýrar forsendur til sektargreiðslu í ríkissjóð.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefnandi á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að eins og stefnandi leggi málið fyrir Félagsdóm sé óumdeilt að ágreiningur málsaðila snúist nú í fyrsta lagi um það, hvort stefnda hafi borið að láta einungis þá, sem verkfallinu sé ætlað að ná til, greiða atkvæði um tillöguna, líkt og stefnandi byggir á með vísan til 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eða hvort stefnda hafi verið heimilt að láta fara fram rafræna leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu meðal allra félagsmanna í stefnda, sem taki laun samkvæmt þeim kjarasamningi málsaðila sem varðar vinnu í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, sbr. 1. mgr. 15. gr. sömu laga. Af hálfu stefnda er sýknukrafan byggð á því að atkvæðagreiðsla um hina umþrættu vinnustöðvun sé lögmæt og í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 sem og venjur á vinnumarkaði.

Svo sem vikið sé að í stefnu hafi verið gerð umtalsverð breyting á ákvæðum laga nr. 80/1938 með setningu laga nr. 75/1996, meðal annars varðandi ákvörðun um vinnustöðvun í 15. gr. fyrrnefndra laga. Áður en nefnd lagabreyting hafi tekið gildi á árinu 1996 hafi vinnustöðvun aðeins verið heimil ef ákvörðun hefði verið tekin: í fyrsta lagi með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu, sbr. nánar þágildandi ákvæði a-liðar 15. gr., í öðru lagi af samninganefnd eða félagsstjórn sem gefið hefði verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvun með almennri atkvæðagreiðslu, sbr. nánar þágildandi ákvæði b-liðar 15. gr. eða í þriðja lagi af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags hafi falið ráðinu slíkt vald, sbr. nánar þágildandi c-lið 15. gr. Allt frá gildistöku laga nr. 80/1938 og fram til ársins 1996 hafi framkvæmdin verið sú að ákvarðanir um staðbundnar verkfallsaðgerðir eða takmarkaðar aðgerðir, sem beinist að tilteknum fyrirtækjum, hafi ýmist verið teknar að undangenginni almennri atkvæðagreiðslu eða af trúnaðarmannaráði á grunni heimildar í félagslögum.

Með setningu 3. gr. laga nr. 75/1996 hafi verið gerð breyting á 15. gr. laga nr. 80/1938. Við túlkun á 1. og 2. mgr. lagagreinarinnar verði að hafa hugfast að réttur til þess að stofna stéttarfélög sé sérstaklega varinn af 74. og 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sem og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu, sem Ísland hafi fullgilt, sé enn fremur sérstaklega mælt fyrir um að aðilar sáttmálans skuli viðurkenna rétt verkafólks og atvinnurekenda til aðgerða þegar hagsmunaárekstrar verði, þar á meðal verkfallsrétt. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 eigi menn rétt á að stofna

stéttarfélög og stéttarfélagssambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalyðsstéttarinnar og launtaka. Þar sé í 1. mgr. 3. gr. tekið fram að stéttarfélög ráði málefnum sínum með þeim takmörkunum sem settar séu í lögnum, sbr. 14. gr. laganna. Hugtakið vinnustöðvun sé sérstaklega skilgreint í 19. gr. laganna en þar segi að vinnustöðvanir séu verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggi niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildi um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna megi til vinnustöðvunar.

Stefndi bendir á að Félagsdómur hafi slegið því föstu í úrlausnum sínum að verkfallsréttur sé meginregla og sæti þeim takmörkunum einum sem greindar séu í lögum en af því leiði að undantekningar frá meginreglunni beri að skýra þröngt. Vísar stefndi meðal annars til dóms Félagsdóms í málinu nr. 9/2000. Félagsdómur hafi einnig staðfest í úrlausnum sínum eftir gildistöku laga nr. 75/1996 að heimilt sé að boða til verkfalla sem bundin eru við tiltekna vinnustaði, tiltekna verkþætti, tiltekinn hóp starfsmanna eða sem markast af tímabundnum lotum, sbr. meðal annars dóma Félagsdóms í málum nr. 4/2016 og 9/2016.

Stefndi vísar til þess að orðalag 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 sé skýrt og ótvírætt. Bein orðskýring feli í sér þá meginreglu samkvæmt 1. mgr. að ákvörðun um verkfallsboðun eigi að taka við almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal þeirra félagsmanna sem taki laun samkvæmt þeim kjarasamningi sem freistað sé að ná fram breytingum á, hér kjarasamningi stefnanda og stefnda sem varði vinnu í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, með þátttöku að minnsta kosti 20% atkvæðisbærra manna. Tillagan þurfi að hljóta samþykki meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt sé að beita almennt leynilegri póstatkvæðagreiðslu og sé þá ekki gerð krafa um að tiltekið hlutfall atkvæðisbærra félagsmanna hafi tekið þátt. Þessi tilgreinda meginaðferð við ákvarðanatöku um verkfall sé tæk, án tillits til þess hvernig stéttarfélag hyggist framkvæma vinnustöðvun í skilningi laga 80/1938, það er hvort um sé að ræða til dæmis allsherjarverkfall eða verkfall sem bundið sé við tiltekinn hóp félagsmanna eða tiltekinn vinnustað. Sé hins vegar ætlunin að boða til verkfalls sem bundið sé við ákveðinn hóp félagsmanna eða starfsmenn á tilgreindum vinnustað, sé stéttarfélagi „heimilt“, eins og berum orðum sé kveðið á um í 2. mgr. 15. gr., að láta einungis þá sem verkfallinu sé ætlað að ná til greiða atkvæði um það. Undir þessum kringumstæðum eigi stéttarfélagið val og taki það ákvörðun um að beita heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. og láta einungis þá félagsmenn sem verkfalli er ætlað að taka til greiða atkvæði um verkfallsboðun, þurfi 20% að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hið minnsta.

Stefndi kveður framangreindan skilning fá stuðning í athugasemdum með 4. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum 75/1996 en greinin hafi orðið að 3.

gr. laganna. Þar komi meðal annars fram að valin sé „sú leið að gera það að ótvíræðri aðalreglu að vinnustöðvun sé aðeins boðuð að fengnu samþykki félagsmanna í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna.

...

Ekki er ætlunin að torvelða félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu. Því marki má ná með öðrum hætti svo að ekki sé þörf á að krefjast tiltekinnar lágmarkspátttöku, þ.e. með almennt leynilegri póstatkvæðagreiðslu um tillöguna þar sem kjörgögn eru send öllum atkvæðisbærum félagsmönnum til síns heima. Sé sá háttur á hafður er ekki gert ráð fyrir lágmarkspátttöku skv. 1. mgr.

Ef vinnustöðvun er eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis er skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna.“

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda að atkvæðagreiðsla samkvæmt 1. mgr. 15. gr. undir þeim kringumstæðum, sem uppi séu í máli þessu, feli í sér að verið sé að beita ívilnandi ákvæði.

Þau ummæli í lögskýringargögnum, sem stefnandi vitni til í stefnu, séu tekin úr samhengi og breyti engu um framangreinda reglu og rétta orðskýringu ákvæðisins. Tilvitnuð ummæli eigi einvörðungu við um þá aðstöðu þegar tekin sé ákvörðun um að beita heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. við atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Hefði löggjafinn haft í hyggju að lögfesta þann skilning sem stefnandi leggi nú í ákvæði 2. mgr. 15. gr., hefði löggjafinn orðað ákvæðið með öðrum hætti og mælt fyrir um skyldu til þess háttar atkvæðagreiðslu en ekki heimild. Tilvísun í lögskýringagögnum til þeirra reglna sem gildi um opinbera starfsmenn samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986, hafi enga sérstaka þýðingu gegn málatilbúnaði stefnda, enda hafi ekki verið um það að ræða að verið væri að lögfesta sömu reglur og þar hafi gilt. Í því sambandi megi meðal annars benda á að í almennum athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum 75/1996, undir kaflanum „Ákvörðun um vinnustöðvun“, komi fram að „[s]ónarmið að baki reglunni, sem eftirleiðis mun gilda um almennan vinnumarkað, eru svipuð þeim sem nú eiga við um opinbera starfsmenn, en þó eru sett mun vægari skilyrði. Almennt er stefnt að því að samræma eftir föngum reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði um gerð kjarasamninga og um verkfallsrétt.“ Í framsöguræðu félagsmálaráðherra hafi komið fram að „[r]étt þykir að samræma kröfur um þessi efni þannig að skilyrði til vinnustöðvunar verði í meginatriðum þau sömu á öllum vinnumarkaðinum.“ Því hafi löggjafinn ekki verið að hlutast til um að sömu reglur myndu gilda við ákvarðanatöku um verkföll á almenna markaðnum samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938 og hafi gilt um ákvarðanatöku á

opinbera markaðnum samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986, enda séu aðstæður félagsmanna um margt ólíkar.

Stefndi mótmælir tilvísun stefnanda til dóms Félagsdóms í málinu nr. 12/2015, sem fjalli um staðbundið verkfall 13 félagsmanna í Stéttarfélagi háskólamanna á matvæla- og næringarsviði hjá Matvælastofnun á grundvelli ákvæða laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Dómurinn hafi ekkert fordæmisgildi gegn málatilbúnaði stefnda, enda varði hann túlkun á ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986, sem hafi að geyma aðra og ólíka reglu en mælt sé fyrir um í 15. gr. laga nr. 80/1938. Tilvitnuð orð í stefnu, sem tekin séu orðrétt úr dómnum, hafi að sama skapi enga þýðingu gegn málatilbúnaði stefnda, enda verði stöðu þeirra félagsmanna stéttarfélagsins sem verkfallið taldist ekki ná til í því máli, það er sem lögðu ekki niður störf, ekki jafnað við stöðu þeirra félagsmanna stefnda sem boðað verkfall 8. mars næstkomandi telst ekki ná til. Ólíkar reglur gildi til að mynda um möguleika atvinnurekenda til vinnustöðvana annars vegar samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938 og hins vegar samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986.

Stefndi hafnar þeirri málsástæðu stefnanda til vara að þótt komist verði að því að atkvæðagreiðsla stefnda falli undir ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 sé verkfallsboðun stefnda allt að einu ólögmat þar sem ekki hafi náðst sú fimmtungs þátttaka sem áskilin sé í ákvæðinu. Fyrir liggi að við atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun hafi verið beitt almennri leynilegri rafrænni atkvæðagreiðslu í stað póstatkvæðagreiðslu. Um heimild til þess að beita slíkri atkvæðagreiðslu og réttaráhrif vísist til bókunar Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands hjá Ríkissáttasemjara 6. apríl 2017. Samkvæmt bókuninni hafi aðilar sammælt um að aðildarsamtökum Alþýðusambands Íslands væri heimilt að nota rafræna atkvæðagreiðslu í stað almennrar leynilegrar póstatkvæðagreiðslu um gerðan kjarasamning samkvæmt 2. málslíð 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eða tillögu um vinnustöðvun samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 15. gr. sömu laga. Í bókuninni segi að niðurstaða slíkrar rafrænnar atkvæðagreiðslu gildi óháð þátttöku og án þess að aðildarsamtök Alþýðusambands Íslands eigi á hættu að gildi atkvæðagreiðslunnar verði dregið í efa fyrir dómi af þeim ástæðum. Stefndi vísar til bókunarinnar og byggir á því að stefnandi sé við hana bundinn. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar gildi óháð þátttöku. Sú ákvörðun stefnda að bjóða félagsmönnum upp á þann möguleika að greiða atkvæði utan kjörfundar bréflega, geti ekki haft áhrif á gildi hinnar almennu leynilegu rafrænu atkvæðagreiðslu, enda þess gætt í hvívetna að utankjörfundaratkvæði væru meðhöndluð í samræmi við áður nefnda reglugerð Alþýðusambands Íslands og verklagsreglur. Við rafræna atkvæðagreiðslu samkvæmt samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sé stuðst við auðkenningu með íslyklum. Þar sem ákveðinn hluti félagsmanna hafi ekki aðgang að

tölvu eða notist ekki við þá lykla eða rafræn skilríki, en engin almenn opinber skylda sé til notkunar þeirra, hafi borið brýna nauðsyn til þess að stefndi byði upp á þátttöku í atkvæðagreiðslunni með því að greiða atkvæði utan kjörfundar á pappír með hefðbundnum hætti. Það hafi verið framkvæmt þannig að kjósandi hafi fengið tvö umslög auk kjörseðils. Annað umslagið hafi verið merkt „atkvæðaseðill“ og í það hafi atkvæðaseðill kjósanda verið látinn eftir að hann tók afstöðu. Umslagið hafi verið sett í annað stærra umslag sem síðan hafi verið lokað og áritað af kjósanda með nafni og kennitölu til þess að tryggja að ekki væri hægt að greiða atkvæði bæði rafrænt og bréflega. Engin óeðlileg afskipti hafi verið höfð af bréflegri atkvæðagreiðslu félagsmanna utan kjörfundar. Þá áréttar stefndi að framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hafi verið í samræmi við nefnda reglugerð og verklagsreglur Alþýðusambands Íslands.

Stefndi mótmælir því sem röngu að „fjölmargir aðrir annmarkar hafi verið á fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu stefnda“, eins og fullyrt sé í stefnu. Engin málsástæða sé höfð uppi af þessu tilefni við úrlausn þessa máls af hálfu stefnanda og því óþarfi að reifa þau mótmæli stefnda frekar. Til þess sé þó áskilinn réttur á síðari stigum ef tilefni gefist til.

Stefndi mótmælir sektarkröfu stefnanda. Í málinu sé tekist á um ólíka túlkun aðila máls á ákvæði 15. gr. laga nr. 80/1938 um það hvernig haga meggi atkvæðagreiðslu um þá verkfallsboðun sem ætlað sé að standa hluta úr degi 8. mars næstkomandi og taki einungis til tiltekinna starfa. Jafnvel þótt Félagsdómur féllist á kröfur stefnanda sé ljóst að hvorki teljist vera um að ræða alvarlegt brot gegn ákvæðum laga 80/1938 né líklegt hvað þá sannað að nokkurt tjón hafi hlotist af. Í þessu sambandi sé vert að minnast þess, hvað sem líði tilvitnaðri afstöðu stefnanda í kjarasamningsviðræðum á árinu 2015, að stefnandi virðist ekki ávallt hafa verið þeirrar skoðunar sem hann sé nú, ef marka meggi málatilbúnað hans í Félagsdómsmálinu nr. 4/2016.

Um lagarök vísar stefndi til ákvæða laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, einkum 74. og 75. gr., 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög 62/1994, og 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. gr. og 130. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um virðisaukaskatt byggist á ákvæðum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, en stefndi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Niðurstaða

I

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Hinn 1. mars 2019 tilkynnti stefndi, Efling-stéttarfélag, stefnanda, Samtökum atvinnulífsins, að á fundi samninganefndar stefnda 21. febrúar 2019 hefði verið samþykkt að „láta fara fram almenna leynilega rafræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar meðal þeirra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags sem vinna samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar-stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi og sem rann út þann 31. desember 2018.“ Muni vinnustöðvunin taka „til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarrar gistaðstöðu, þar með talið á göngum, salernum og í sameiginlegu rými á öllum hótélum og gistihúsum á því félagssvæði Eflingar-stéttarfélags sem tekur til starfa á veitinga- og gistihúsum sem nánar tilgreint er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningsshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.“ Skyldi vinnustöðvun félagsmanna stefnda, sem framangreind lýsing nær til, hefjast klukkan 10:00 að morgni 8. mars 2019 og ljúka að kvöldi sama dags klukkan 23:59 nema kjarasamningar hafi tekist fyrir þann tíma. Í tilkynningunni kom og fram að atkvæðagreiðsla hafi hafist 25. febrúar 2019 klukkan 10:00 og lokið 28. sama mánaðar klukkan 22:00. Á kjörskrá hafi verið alls 7.950 félagsmenn og atkvæði hafi greitt 862. Samþykkir verkfallsboðun hafi verið 769 og tillaga um verkfallsboðun hafi því verið samþykkt með 89% greiddra atkvæða.

Samkvæmt upplýsingum sem stefndi mun hafa veitt á heimasíðu sinni um atkvæðagreiðslu þá sem að framan getur kom fram að kosningin færi fram á vefnum og kosning utan kjörfundar færi fram á skrifstofu stefnda auk þess sem bifreið yrði ekið milli vinnustaða til að safna utankjörfundaratkvæðum. Ekki er ágreiningur með málsaðilum að framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hafi verið hagað með þeim hætti sem hér greinir.

Stefnandi kveður framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hafa farið í bága við ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996 um breyting á þeim, auk þess sem atkvæðagreiðslan hafi ekki verið „almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla“ í skilningi síðari málslíðar 1. mgr. 15. gr. laganna. Stefndi hafnar þessu. Aðila greinir einkum á um það hvort stefnda hafi verið skylt að haga kosningu um hina fyrirhuguðu vinnustöðvun samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 2. mgr. lagagreinarinnar eða hvort honum hafi verið heimilt að velja á milli þess að haga kosningunni á þann veg sem kveðið er á um í 1. mgr. eða á þann hátt sem segir í 2. mgr.

II

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, eins og því ákvæði var breytt með 3. gr. laga nr. 75/1996, er vinnustöðvun, sem félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja, því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku að minnsta kosti fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Í ákvæðinu segir enn fremur að heimilt sé að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku. Í 2. mgr. lagagreinarinnar með áorðnum breytingum segir svo, orðrétt: „Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá fimmtungur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.“

Í kafla um helstu nýmæli í athugasemdum við frumvarp það, sem varð að lögum nr. 75/1996 um breyting á lögum nr. 80/1938, er vikið að þeim ákvæðum frumvarpsins sem lúta að ákvörðun um vinnustöðvun. Þar segir svo: „Ef um er að ræða vinnustöðvun af hálfu tiltekins hluta félagsmanna eða í tilteknu fyrirtæki þarf þó jafnan þátttöku helmings atkvæðisbærra þannig að fjórðungur atkvæðisbærra þarf að greiða tillögu atkvæði.“ Í athugasemdum við frumvarpið er enn fremur að finna sérstakan kafla sem fjallar um ákvörðun um vinnustöðvun, en þar segir meðal annars: „Við útreikning fjórðungshlutfalls samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er miðað við þá félagsmenn sem starfa hjá þeim sem verkfall beinist gegn, þ.e. fyrirtæki eða stofnun. Vegna lagasamræmis og þar sem auðveldara er að ná til afmarkaðs hluta félagsmanna eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis þykir eðlilegt að gera sams konar kröfu þegar vinnustöðvun tekur aðeins til tiltekins hluta félagsmanna, en ekki þeirra allra, eða aðeins til tiltekins fyrirtækis. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.“ Þá segir svo í sérstökum kafla í athugasemdunum um póstatkvæðagreiðslu: „Samkvæmt frumvarpinu er að jafnaði heimilt að beita póstatkvæðagreiðslu við ákvörðun um vinnustöðvun þannig að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku. Sú undantekning nær þó ekki til ákvörðunar um vinnustöðvun sem tekur aðeins til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilteknum vinnustað.“

Framangreindar tilvitnanir í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 75/1996 gefa nokkra vísbendingu um að í hinum umdeildu ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938 felist að við atkvæðagreiðslu um verkfall sem tekur til afmarkaðs hluta félagsmanna stéttarfélags eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis megi ekki beita

ákvæðum 1. mgr. greinarinnar, þar á meðal um póstatkvæðagreiðslu, heldu skuli við slíkar aðstæður fara eftir því sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Á hinn bóginn segir svo í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, sem varð að 3. gr. laga nr. 75/1996: „Ef vinnustöðvun er eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis er skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna. Þá eru aðstæður orðnar fullkomlega sambærilegar við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna og því eðlilegt að krefjast sömu þátttöku og þar í atkvæðagreiðslu og sama stuðnings — óháð tilhögun atkvæðagreiðslu.“ Í þessum athugasemdum verður að telja að með skýrum hætti komi fram að í 2. mgr. greinarinnar felist heimild til að taka ákvörðun um verkfall með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna þegar verkfallinu er eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna stéttarfélags eða eins fyrirtækis.

Er þáverandi félagsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi því sem varð að lögum nr. 75/1996 á 120. löggjafarþingi 1995-1996 sagði hann m.a. svo: „Það hefur einnig verið á það bent að óeðlilegt sé að svipta félögin möguleikum á að boða til staðbundinna aðgerða sem ná einungis til hluta félagsmanna öðruvísi en að fá samþykki stórs hluta félagsmanna í allsherjaratkvæðagreiðslu. Allt sé þetta sérlega íþyngjandi gagnvart stærri félögunum og geti raunar kallað á klofning þeirra og þar með fjölgun félaga sem vart er þó brýn þörf á. Rétt þótti að taka mið af þessum athugasemdum. Því er lagt til að áskilnaður um þátttöku í allsherjaratkvæðagreiðslu um vinnustöðvun verði einungis 40% af því sem krafist er samkvæmt lögnum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Jafnframt er ákveðið að stéttarfélög geti efnt til almennrar póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu að vinnustöðvun. Ef sú leið er farin þykir ekki efni til þess að gera sérstakan áskilnað um hlutfall þátttakenda enda félagsmönnum gefið besta mögulega færið á að gaumgæfa tillögu á heimili sínu, meta áhrif og aðstæður og greiða atkvæði á öruggan og einfaldan hátt. Eru þetta sömu rök og eiga við um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga. Auk þessa er heimilt að bera tillögu um vinnustöðvun sem eingöngu er ætlað að ná til takmarkaðs hóps félagsmanna, t.d. á einum vinnustað, undir atkvæði hlutaðeigandi félagsmanna einna. Þá eru aðstæður hins vegar svo líkar því sem gerist á vinnustöðum opinberra starfsmanna að rétt þykir að gera sömu kröfur um þátttöku og samþykki, þ.e. meirihlutasamþykki og 50% þátttöku.“ Af þessum orðum ráðherra, einkum niðurlagi þeirra, verður að telja að skýrt komi fram það álit að í hinu umdeilda ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 felist heimild til að bera atkvæði undir hlutaðeigandi félagsmenn þegar verkfall tekur einungis til hluta félagsmanna eða því er beint að takmörkuðum fjölda fyrirtækja, en ekki skylda.

Að vissu leyti gætir ósamræmis í þeim lögskýringargögnum sem að framan greinir. Engu að síður þykir sá löggjafarvilji sem fram kemur í athugasemdum við 4.

gr. frumvarpsins og í ræðu félagsmálaráðherra öðru fremur vera skýr og ótvíræður um það að í 2. mgr. 15. gr. felist heimild til að haga atkvæðagreiðslu með þeim hætti sem þar greinir þegar vinnustöðvun er einungis ætlað að ná til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna takmarkaðs fjölda vinnustaða, eins og átti við um þá atkvæðagreiðslu sem fram fór á vegum stefnda 25. til 28. febrúar 2019. Sá skýringarkostur samræmist einnig orðalagi ákvæðisins þar sem segir „er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.“ Er annar skýringarkostur vart tækur um það hvað geti talist „heimilt“ samkvæmt ákvæðinu. Gat stefndi því valið á milli þess að haga téðri atkvæðagreiðslu í samræmi ákvæði 2. mgr. 15. gr. laganna ellegar 1. mgr. eins og hann gerði.

III

Á heimasíðu Alþýðusambands Íslands, undir svokölluðum vinnuréttarvef, er að finna upplýsingar um almenna leynilega atkvæðagreiðslu. Þar segir að heimilt sé að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku. Þar segir einnig að hér sé um undantekningu að ræða sem nái ekki til ákvörðunar um vinnustöðvun sem taki aðeins til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilteknum vinnustað „en þá þarf ætíð fimmtungspátttöku, óháð því hvort um almenna leynilega atkvæðagreiðslu er að ræða eða almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.“ Hvað sem þessum upplýsingum líður verður ekki séð að þær séu þannig settar fram á heimasíðunni að stefndi, Efling-stéttarfélag, teljist vera bundinn af þeim hvað varðar framkvæmd hinnar umdeildu atkvæðagreiðslu.

Í reglugerð um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands, sem samþykkt var í miðstjórn sambandsins 15. febrúar 2017, er í 11. gr. að finna ákvæði um rafræna atkvæðagreiðslu og hvernig slík atkvæðagreiðsla skuli framkvæmd. Í sérstakri bókun, sem gerð var á fundi hjá ríkissáttasemjara 6. apríl 2017 og er undirrituð af hálfu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkissáttasemjara, er gerð grein fyrir ákvæðum 11. gr. nefndrar reglugerðar og segir að samkvæmt þeim geti aðildarsamtök Alþýðusambands Íslands notað algerlega rafræna atkvæðagreiðslu samkvæmt b. lið 1. mgr. 11. gr. þannig að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku og án þess að eiga á hættu að gildi þeirra verði dregið í efa fyrir dómi af þeim ástæðum. Segir í bókuninni nánar um téðan b. lið að kjörstjórn geti ákveðið að atkvæðagreiðsla verði algerlega rafræn þannig að engin gögn þurfi að senda út og atkvæði megi skila með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Af málátilbúnaði aðila verður ráðið að ekki sé um það deilt að rafræn atkvæðagreiðsla samkvæmt 11. gr. reglugerðarinnar megi koma í stað

póstatkvæðagreiðslu, sem kveðið er á um í síðari málslíð 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, og með sömu réttaráhrifum og slík atkvæðagreiðsla hefur.

Meðal gagna málsins eru allmargar ljósmyndir af bifreið þeirri sem stefndi notaði við öflun svonefndra utankjörfundaratkvæða meðan á atkvæðagreiðslunni stóð. Á einni myndinni, sem birtist með frétt í dagblaði, má sjá formann stefnda standa fyrir aftan bifreiðina og snúa baki í hóp fólks sem ætla má að sé að ganga frá kjörfundargögnum í bifreiðinni. Í fréttinni er haft eftir formanninum að hann hyggist „fylgja kosningabílum í dag og næstu daga.“ Stefndi hefur í greinargerð sinni fyrir dómi gert grein fyrir því hvernig utankjörfundaratkvæðagreiðslunni var hagað. Í málalýðun stefnda hafa ekki verið bornar sérstakar brögður á þá tilhögun. Ekki verður talið að það hafi verið andstætt ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laganna að viðhafa atkvæðagreiðslu utan þess almenna kjörfundar sem fólst í hinni rafrænu atkvæðagreiðslu með þeim hætti sem stefndi gerði þannig að gera mætti þátttöku í atkvæðagreiðslunni mögulega fyrir alla félagsmenn sem á annað borð máttu taka þátt í henni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að formaður stefnda eða aðrir forsvarsmenn stefnda hafi haft slík afskipti af atkvæðagreiðslunni að staðhæft verði að hún hafi ekki verið leynileg. Að öðru leyti þykir stefnandi heldur ekki hafa skotið nægilegum stöðum undir málsástæðu sína hvað þetta varðar þannig að taka megí hana til greina. Verður því við það miðað að atkvæðagreiðslan hafi farið fram í samræmi við ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 að gættum ákvæðum í fyrrgreindri reglugerð um leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ.

Að virtu því sem að framan greinir verður að telja ósannað að atkvæðagreiðsla stefnda, sem fram fór dagana 25. til 28. febrúar 2019, hafi farið í bága við lög og þar með að verkfall það sem boðað hefur verið 8. mars 2019 og atkvæðagreiðslan snérist um sé ólöglegt. Af þeim sökum kemur sektarkrafa stefnda ekki til álita. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnda í máli þessu.

Nokkurs vafa gætir um úrslit málsins. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, þykir rétt að málsaðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands vegna Eflingar-stéttarfélags, er sýkn af kröfum stefnda, Samtaka atvinnulífsins, í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður.

Arnfríður Einarsdóttir

Kolbrún Benediktsdóttir

Valgeir Pálsson

Dagný Aradóttir Pind

Sératkvæði Guðna Á. Haraldssonar

Mál þetta á undir Félagsdóm með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

I

Með lögum nr. 75/1996 voru gerðar umtalsverðar breytingar á ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þannig var ákvörðun um vinnustöðvun færð frá stofnunum stéttarfélaga yfir til félagsmanna þeirra. Markmiðið með þessum breytingum var að tryggja að stuðningur félagsmanna stéttarfélaga við vinnustöðvanir væri til staðar og að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíkar tillögur. Þá var einnig upphaflegt markmið lagabreytingarinnar að samræma reglur um vinnustöðvanir milli hins almenna vinnumarkaðar og hins opinbera.

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 er fjallað um vinnustöðvanir. Vinnustöðvun er samkvæmt ákvæðinu því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin í almennt og leynilegri atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna. Til þess að tillagan teljist samþykkt þarf hún stuðning meiri hluta greiddra atkvæða. Samkvæmt ákvæðinu er slíkur þátttökuþröskuldur ekki til staðar ef viðhöfð er almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla. Í lögskýringargögnum kemur fram að sú aðferð tryggi lýðræðislega umfjöllun um tillöguna og því þurfi ekki þátttökuþröskuld.

Í umfjöllun löggjafans um póstatkvæðagreiðslur er sérstaklega tekið fram að jafnan sé heimilt að beita póstatkvæðagreiðslu við ákvörðun um vinnustöðvun þannig að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku. Þá tekur löggjafinn fram í lögskýringargögnum að sú undantekning, sem er notkun póstatkvæðagreiðslu, nái ekki til ákvörðunar um vinnustöðvun sem tekur aðeins til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilteknum vinnustað.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 er að finna ákvæði er lýtur að vinnustöðvun er nær til ákveðins hóps félagsmanna stéttarfélags eða félagsmanna ákveðins vinnustaðar. Í ákvæðinu segir að þegar svo standi á sé heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að ná til. Um samþykkt slíkrar tillögu segir að hún þurfi að hljóta þátttöku fimmtungs þeirra sem taki þátt í atkvæðagreiðslunni og helmingur þeirra þurfi að samþykkja. Í lögskýringargögnum í frumvarpi að lögum kemur fram að með þessu séu aðstæður orðnar fullkomlega sambærilegar og við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna og því sé eðlilegt að krefjast sömu þátttöku og þar í atkvæðagreiðslu og sama stuðnings óháð tilhögun atkvæðagreiðslu. Í upphaflegu frumvarpi var þátttökuþröskuldur þessi helmingur en var færður niður í fimmtung í meðförum Alþingis. Ekki er í 2. mgr. 15. gr. laga nr.

80/1938 sambærilegt ákvæði er lýtur að póstatkvæðagreiðslu eins og fram kemur í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

II

Boðuð vinnustöðvun félagsmanna stefnda nær til vinnu þeirra á öllum hótélum og gistihúsum á félagssvæði stefnda Eflingar. Kjarasamningur sá sem gildir um kjör þessara sömu félagsmanna stefnda nær til mun fleiri vinnustaða. Ekki er ágreiningur með aðilum um að boðuð vinnustöðvun nær þannig einungis til hluta þeirra starfsmanna sem taka laun samkvæmt þeim kjarasamningi sem krafist er breytingar á og fylgt er eftir með vinnustöðvun.

Rétt er að taka fram að Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur á aðild að þessum sama kjarasamningi.

Það er álit mitt að ekki sé hægt að líta fram hjá þeim athugasemdum er fram koma í lögskýringargögnum þess efnis að undanþága sú er lýtur að póstatkvæðagreiðslum geti ekki átt við atkvæðagreiðslur um vinnustöðvun þegar einungis hluti félagsmanna leggur niður störf. Því hafi stefnda verið óheimilt að notast við almenna póstatkvæðagreiðslu þegar greidd voru atkvæði um boðaða vinnustöðvun hans sem koma á til framkvæmda þann 8. mars næstkomandi. Þannig greiddu ekki einungis þeir félagsmenn stefnda atkvæði er leggja eiga niður störf heldur aðrir félagsmenn hans sem ekki leggja niður störf. Það samrýmist ekki að mínu áliti ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Álit mitt er því að boðuð vinnustöðvun félagsmanna stefnda sé ólögmæt.

Að fenginni þeirri niðurstöðu þarf ekki að fjalla um hvort form atkvæðagreiðslunnar hafi uppfyllt ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Stefnandi gerir þá kröfu á hendur stefnda að honum verði gert að greiða sekt í ríkissjóð. Á þá kröfu fellst ég ekki enda er hér um lagalegan ágreining að ræða sem ekki hefur áður verið skorið úr um. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að stefndi hafi haft til þess skýran ásetning að brjóta gegn ákvæðum laga nr. 80/1938. Því því tel ég rétt að hafna þeirri kröfu stefnanda.

Tekið er undir það með meirihluta dómsins að nokkurs vafa gæti um þá túlkun er hér um ræðir. Því þykir mér rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu.

III

Niðurstaða mín er því að verkfall það sem stefndi Efling-stéttarfélag boðaði með bréfi 1. mars 2019 og taka á til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarra gistiaðstöðu þar með talið á göngum, salernum og í sameiginlegu rými, á

öllum hótélum og gistihúsum á félagssvæði Eflingar og koma á til framkvæmda 8. mars 2019 klukkan 10.00 sé ólögmaett.

Stefndi er sýkn af kröfu um greiðslu sektar í ríkissjóð.

Málskostnaður fellur niður.

Guðni Á. Haraldsson